



# Stúdentasáttmáli Erasmus

Erasmus+-áætlunin miðar að því að styðja við þróun persónulegrar hæfni, menntunar og fagmennsku þeirra stúdenta og nemenda sem taka þátt og eru á háskólastigi. Áætlunin leitast einnig við að stuðla að jöfnum tækifærum og aðgengi, samfélagslegri þátttöku, fjölbreytileika og sanngirni í öllum sínum aðgerðum. Síðast en ekki síst, stuðlar hún að því að ná markmiðum EB tengdum stafrænni umbreytingu, sjálfbærri þróun og virkri borgaravitund. Stúdentasáttmáli ERASMUS endurspeglar ofangreind gildi og forgangsefni og miðar að því að upplýsa þátttakendur á fullnægjandi hátt um réttindi þeirra og skyldur og tryggja farsæla framkvæmd á skiptidvölinni.

## Erasmus+

Opnar hugann,  
auðgar líf.

## ÁÐUR EN DVÖL HEFST

### RÉTTINDI ÞÍN

Þú hefur rétt á að fá leiðsögn varðandi umsóknarferlið og að fá upplýsingar um móttökustofnunina/-fyrirtækið, og um þá viðburði og þjónustu sem eru í boði meðan á dvöl erlendis stendur.

Þú hefur rétt á að fá fyrirframgreiðslu

- innan 30 almanaksdaga frá undirritun beggja aðila samningsins eða
- að fenginni staðfestingu á komu og eigi síðar en á byrjunardegi dvalartímabilsins.

Ef um skiptinám er að ræða, ættirðu að hafa möguleika á að undirrita rafrænan námssamning, þar sem fram koma

nánari upplýsingar um viðburði og þjónustu erlendis. Ef þín stofnun samþykkir, geturðu skrifað undir rafrænan námssamning með Erasmus+-dvöl smáforritinu (Erasmus+ Mobile Application).

Þú átt rétt á að fá upplýsingar um ferlið við sjálfvirka viðurkenningu námsdvalar og kerfið sem notað er við einkunnagjöf í móttökustofnuninni.

Þú hefur rétt á að fá upplýsingar um kaup á tryggingum, um húsnæðisleit, vegabréfs-áritanir (ef þeirra er krafist) og þá þjónustu eða þann stuðning sem er í boði fyrir þá sem þurfa á sérþjónustu að halda.

### SKYLDUR ÞÍNAR

Þú verður að skrifa undir samning um styrk við heimastofnunina og skrifa undir námssamning við heimastofnun og móttökustofnun, þar sem gerð er grein fyrir þeirri starfsemi sem er í gangi erlendis, sem aftur tryggir sjálfvirka viðurkenningu á dvölinni erlendis (með því að tiltaka þær einingar sem ætlast er til að þú takir og færð metnar inn í nám þitt heima fyrir).

Þú þarft að láta meta tungumálakunnáttu rafrænt, þér að kostnaðarlausu, gegnum Online Language Support eftir að umsókn hefur verið samþykkt (ef það er í boði á því tungumáli sem mest er notað við kennslu/vinnu erlendis). Þannig er hægt að meta á hvaða stigi þú ert og gefa

þér tækifæri á að fá aðgang að sérstökum atriðum sem passa við þínar menntunarþarfir svo þú fái sem mest út úr námsdvölinni erlendis.

Eftir að þú hefur fengið upplýsingar og leiðbeiningar um hvernig þú gengur frá tryggingu við háskólastofnunina sem þú ert hjá, ættirðu að athuga hvort þú sért með sjúkratryggingavernd vegna dvalar þinnar erlendis. Í þeim tilfellum þar sem um skipti vegna starfsþjálfunar er að ræða, ættirðu að ganga úr skugga um, ásamt þinni móttökustofnun, að þú fái ábyrgðar- og slysatryggingavernd.

## MEÐAN Á DVÖL STENDUR

## RÉTTINDI ÞÍN

Þú hefur rétt á að fá sömu meðferð og samstúdentar/samstarfsfólk á staðnum og vera ekki mismunað vegna aldurs, þjóðlegs uppruna, kynþáttar, ríkisfangs, aðildar í minnihlutahópi, menningar, tungumáls, kyns, kynhneigðar, hjúskaparstöðu, umönnunar- eða foreldraábyrgðar, veikinda, getu eða fötlunar, geðrænnar heilsu, sjúkdóms, líkamsgerðar, félagshagfræðilegs bakgrunns, trúarbragða eða trúar eða trúleysis, stjórnmálalegra skoðana eða skoðanaleysis, eða annarra óviðeigandi aðgreiningar.

Þú hefur rétt á akademísku frelsi í samskiptum eða við miðlun hugmynda og staðreynda, einnig við framkvæmd þeirra rannsókna sem þú mögulega gerir meðan á námsdvöl þinni stendur.

Þú hefur rétt á að nýta þér tengslanet leiðbeinenda og félaga sem til staðar eru í móttökustofnun/-fyrirtæki.

Þú hefur rétt á að hlustað sé á þig og fáir upplýsingar um stúdentasamtök á háskólasvæðinu, um stjórnunar- og gæðakerfi móttökustofnunar og um hvers

kyns námsmannaþjónustu sem er í boði (svo sem námsmannafélög, námsmannafulltrúa, umboðsmenn).

Þú hefur rétt á að fá áfram þá námsstyrki eða þau lán sem þú hefur í þínu heimalandi meðan á dvöl erlendis stendur.

Þú hefur rétt á viðbótarfjárstuðningi, ef þú ert þátttakandi með færri tækifæri eða ef þú kýst að ferðast með umhverfisvænum hætti.

Þú átt ekki að þurfa að greiða gjöld vegna kennslu, skráningar, prófa eða til að fá aðgang að rannsóknastofum og bókasafnsþjónustu meðan á dvöl stendur.

Þú hefur rétt á að biðja um breytingar á námssamningi innan ákveðins frests sem ákvarðaður hefur verið af heimastofnun og móttökustofnun. Þú hefur rétt á að senda inn beiðni með ósk um lengingu dvalar til þeirrar stofnunar sem þú kemur frá.

## SKYLDUR ÞÍNAR

Þér er skylt að fylgja reglum og reglugerðum móttökustofnunar/-fyrirtækis og þess lands sem dvalið er í, þar á meðal hegðunarreglur, heilsu- og öryggisreglugerðir.

Þér er skylt að fylgja siðareglum móttökustofnunar, m.a. með því að meðtaka fjölbreytileika samfélagsins og mismuna ekki öðrum vegna aldurs, þjóðlegs uppruna, kynþáttar, ríkisfangs, aðildar í minnihlutahópi, menningar, tungumáls, kyns, kynhneigðar, hjúskaparstöðu, umönnunar- eða foreldraábyrgðar, veikinda, getu eða fötlunar, geðrænnar heilsu, sjúkdóms, líkamsgerðar, félagshagfræðilegs bakgrunns, trúarbragða eða trúar eða trúleysis, stjórnmálalegra skoðana eða skoðanaleysis, eða annarra óviðeigandi aðgreiningar.

Þér er skylt að koma fram af ábyrgð og virðingu gagnvart heimafólki og fræðasamfélaginu. Að hegða sér með virðingarverðum hætti gagnvart öðrum felur í sér að virða lögin og meðal annars að áreita ekki aðra eða leggja í einelti.

Gæta þarf að því að hegðun þín setji ekki heilsu þína og/ eða öryggi þitt eða annarra í hættu. Þér er skylt að virða heilsu- og öryggisviðmið móttökustofnunar/-fyrirtækis og þess lands sem dvalið er í.

Þér er skylt að virða meginregluna um akademísk heilindi og leitast við að ná fram þinni bestu hæfni í öllum viðeigandi prófum eða öðrum formum af mati.

Þú ert hvött/hvattur til þess að nýta þér öll möguleg tækifæri sem bjóðast til að fræðast við móttökustofnunina/-fyrirtækið. Einnig að hámarka nýtingu tímans erlendis með því að taka virkan þátt í samfélagi dvalarlands gegnum fjölmennarlega eða borgaralega starfsemi eða með verkefnum.

Þú gæti þurft að greiða smávægileg gjöld (á sama grundvelli og aðrir stúdentar á staðnum) vegna kostnaðar eins og tryggingar, námsmannafélagsaðildar eða notkunar á efni og tækjum tengdu náminu.

Þú þarft að leggja inn beiðni um lengingu dvalar að minnsta kosti einum mánuði fyrir lok upprunalega áætlaðs dvalartíma.

Í samvinnu við heimastofnun og móttökustofnun þarftu að tryggja að breytingar á námssamningi séu staðfestar eftir að beiðni hefur verið lögð inn.

### EFTIR AÐ DVÖL ER LOKIÐ

## RÉTTINDI ÞÍN

Þú hefur rétt á því að fá sjálfkrafa faglega viðurkenningu frá heimastofnun á þeim námsþáttum sem lokið var með fullnægjandi hætti meðan á dvöl stóð og er í samræmi við námssamning.

Þú hefur rétt á og ert hvött/hvattur til að biðja um Europass-færnipassa ef þú ert nýlega útskrifuð/útskrifaður úr háskóla sem staðsettur er í einu af námslöndunum.

Þú hefur rétt á því að fá afrit af einingum og einkunnum, ef mögulegt er á rafrænu formi, frá móttökustofnun innan fimm vikna frá því að niðurstöður voru birtar. Þegar heimastofnun hefur fengið yfirlit yfir námsárangur, mun hún veita þér nákvæmar upplýsingar um viðurkenningar á árangri þínum.

Ef þú ert skráð/ur í háskóla sem staðsettur er í námslandi, þá hefurðu rétt á því að láta tiltaka í viðbótarútskriftarskírteini

þann hluta náms sem hefur verið samþykktur. Þú hefur rétt á því að fá viðbótarútskriftarskírteini, ef hægt er á rafrænu formi og á upprunalegu tungumáli.

Þegar um starfsþjálfun er að ræða, hefurðu rétt á að fá starfsþjálfunarovottorð, á rafrænu formi ef hægt er, frá móttökustofnun/-fyrirtæki, með samantekt á þeim verkefnum sem framkvæmd voru og mat á þeim. Heimastofnunin mun einnig láta þig hafa afrit með vitnisburði ef það er tiltekið í námssamningi. Ef starfsþjálfunin var ekki hluti af námskránni, þá geturðu beðið um að fá það skráð í Europass-færnipassann. Ef þú ert innskráð/ur í háskóla sem staðsettur er í aðildarríki Bologna-ferilsins, þá ætti dvölin að vera skrásett í skírteinisviðauka.

## SKYLDUR ÞÍNAR

Þú þarft að fylla út þátttakandaskýrslu til að veita endurgjöf á Erasmus+-dvöl þinni til heimastofnunar og til móttökustofnunar, til viðeigandi landskrifstofu Erasmus+ og til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Byggt á þinni reynslu, geta framkvæmdastjórn Evrópu-sambandsins og landskrifstofur Erasmus+ metið með hvaða hætti er hægt að bæta Erasmus+-áætlunina og gera betur fyrir komandi kyns-lóðir.

Þú ert hvött/hvattur til að deila þinni reynslu af dvölinni til vina, samstúdenta, starfsfólks frá heimastofnun, blaðamanna o.s.frv., í þeim tilgangi að láta annað fólk vita

og hafa gagn af þeirri upplifun.

Í þessu skyni ertu hvött/hvattur til að nota Erasmus+-dvöl smáforritið og deila ábendingum til væntanlegra stúdenta.

Þú ert hvött/hvattur til að ganga til liðs við samfélög fyrri nemenda Erasmus+ Alumni Associations, stúdentafélög eða taka þátt í verkefnum sem koma Erasmus+ og gildi þess á framfæri og stuðla að auknum skilningi milli fólks, menningarheima og landa og á alþjóðavæðingu heima fyrir.



# RÉTTINDI ÞÍN

Þú hefur rétt á jöfnu og réttlátu aðgengi og tækifærum í Erasmus+-áætluninni. Einnig á sanngjörnum, ítarlegum og gagnsæjum verklagsreglum á öllum stigum dvalarinnar.

Ef vandamál kemur upp eða þú telur að þín réttindi séu ekki virt, ættirðu fyrst að hafa samband við heimastofnun eða móttökustofnun/-fyrirtæki og leita lausna með þeim. Byrja skal á því að greina vandann skilmerkilega og hafa svo samband við þá manneskju sem ber ábyrgð, í samræmi við eðli vandans. Nöfn þeirra og tengiliðaupplýsingar ættu að vera nefnd í námssamningi. Ef nauðsynlegt, ættirðu að fara í gegnum formlega kærumeðferð eins og hún hefur verið

ákvörðuð í heimastofnun eða móttökustofnun/-fyrirtæki. Ef heimastofnun eða móttökustofnun/-fyrirtæki nær ekki að uppfylla þær skyldur sem útlistaðar eru í Erasmus-sáttmálanum fyrir háskólamenntun eða í styrksamningi, þá skaltu setja þig í samband við viðeigandi landsskrifstofu Erasmus+.

Stúdentafélög og fulltrúar stúdenta, bæði hjá heimastofnun og móttökustofnun, geta líka veitt þér aðstoð. Heimastofnun og móttökustofnun geta bent á hvar hægt er að finna tengiliðaupplýsingar staðbundinna stúdentafélaga og fulltrúa stúdenta.

# SKYLDUR ÞÍNAR

Til að styðja þig við hvert þrep dvalarinnar, ertu hvött/hvattur til að hlaða niður Erasmus+-smáforritinu, sem er fyrsti viðkomu-staður til að finna viðeigandi þjónustu, ábendingar og tækifæri á meðan á dvöl þinni stendur.

Þér er einnig boðið upp á að nota tungumálhjálp á netinu (Online Language Support) sem hönnuð er fyrir þátttakendur í Erasmus+-áætluninni. Þannig færðu aðgang að sértækri tungumálakennslu sem hjálpar þér að ná tökum á þeim tungumálum sem þú kýst að tala í þínu daglegu lífi eða á viðburðum á dvalartímanum.

Þú ert hvött/hvattur til að hafa í huga þau áhrif sem dvöl þín hefur á umhverfið, til dæmis með því að grípa til aðgerða sem dregur úr kolefnisfótsporunum á ferðalögum þínum.

Vinsamlegast hafðu samband við þína heimastofnun eða móttökustofnun til að kanna hvaða leiðir eru mögulegar til að gera Erasmus+- upplifun þína umhverfisvæna.

## HVAÐ EF ÞÚ VIRÐIR EKKI ÞESSA ÁÆTLUN?

Heimastofnun þín eða móttökustofnun geta ákveðið að enda dvöl þína erlendis.